

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141100069/bs

Mjóeyrarhöfn 2. áfangi - stækkun - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða efnistöku að hafsbotni við eyrar í innanverðum Reyðarfirði. Til greina kemur að taka efni á fimm stöðum innan netlaga, alls um 116.000 m³ af möl og sandi.

Umhverfisstofnun óskaði frekari upplýsinga um eftirfarandi atriði: 1. Botndýralíf og lífríki á og við hafsbotn á fyrirhuguðum efnistökusvæðum í Reyðarfirði. 2. Lýsing þeirra jarðmyndana sem fyrirhugað er að taka efni úr og hvort ástæða sé til að ætla að efnistakan muni hafa áhrif á aðliggjandi svæði og strendur.


Svör hafa borist frá framkvæmdaraðila. Þar kemur m. a. eftirfarandi fram um lífríki:
„Könnun Líffræðistofnunar hefur leitt í ljós að verndargildi svæðisins sé lítið, þar sem flestar þær tegundir sem fundust á grunnsvæði eru algengar víða á grunnsævi við Ísland og að ekki fundust tegundir sem sérstök ástæða sé til að vernda. Umhverfisáhrif vegna efnistöku á lífríki botns á grunnsævi eru talin vera lítilsháttar.“


Greinargerð um jarðmyndanir bætti að mati Umhverfisstofnunar lítið við upprunaleg gögn. Umhverfisstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á lífríki hafsbotns verði óveruleg vegna þess að botn er víða laus og óstöðugur og lífríki eins og víða tíðkast þar sem svipað háttar til.

Umhverfisstofnun telur að dreifa eigi efnistökkunni á sem flest svæði ef slíkt fyrirkomulag verður talið líklegra til að draga úr áhrifum efnistökkunnar á lífríki og fjörur.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur